

23.5.2012

Efnahags- og viðskiptanefnd.

Athugasemdir við frumvarp til laga um ökutækjategygingu (heildarlög), 733. mál.  
Sendandi Þorvarður Ingi Þorbjörnsson, kt. 200357 4269

Gerðar eru þær almennu athugasemdir að akstur venjulegra, breyttra jeppa, svo og svokallaðra súperjeppa til fólksflutninga hvort sem er á vegum eða vegleysum og þ.m.t. á snjó eða jöklum getur aldrei talist til áhættuaksturs og því engin ástæða til að fella niður tryggingar ökumanns og eiganda. Er mér ekki kunnugt um slysatíðni í þessari notkun ökutækja sem réttlæti niðurfellingu tryggingar eða sértryggingu, enda felur notkun þessi ekki í sér nokkra sérstaka áhættutöku, t.a.m. er ökuhraði almennt mun minni en á vegum.

Akstur á snjó og jöklum í þessu formi er séríslenskt fyrirbæri og er orðinn stór þáttur í íslenskri ferðaþjónustu, gildir sama um ferðir með ferðamenn á vélsleðum í umsjá leiðsögumanna. Oft getur verið eftitt að greina á milli hvað er vegur og hvað er snjór á vegi og ástæðulaust að flækja málið frá því sem verið hefur.

Þorvarður Ingi Þorbjörnsson